EYRARGATA 1, ÍSAFIRÐI

DEILISKIPULAG

MINNISBLAÐ – ÚRVINNSLA EFTIR AUGLÝSINGU TILLÖGU DEILISKIPULAGSBREYTINGAR

VERKNÚMER:	18174009	DAGS.:	7. sept. 2026
HÖFUNDUR/RÝNIR:	EBK/GPEy		
DREIFING:	Ísafjarðarbær		

Umsagnir og athugasemdir við auglýsingu tillögu að deiliskipulags-breytingu ásamt tillögu að viðbrögðum

1 Kynning

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkti þann 18. júní 2026 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar, vegna færanlegra kennslustofa við Eyrargötu á Ísafirði. Tillagan var auglýst frá 1. júlí 2026 til og með 18. ágúst 2026. Alls bárust tíu umsagnir á auglýsingartímanum og eru allar frá umsagnaraðilum, sjá yfirlit í töflu hér fyrir neðan.

Málið er nr. 821/2026 í Skipulagsgátt.

Tafla 1.1 Umsagnir um vinnslutillögu deiliskipulagsins.

Aðili	Dags.	Ábendingar
Míla Bragi Már Bragason	2. júlí 2026	Engar athugasemdir
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar Sigurður Arnar Jónsson	3. júlí 2026	Engar athugasemdir
Landsnet Rut Kristinsdóttir	7 .júlí 2026	Engar athugasemdir
Vegagerðin Sigurður Friðgeir	21. júlí 2026	Engar athugasemdir
Snerpa Jóhann Egilsson	22. júlí 2026	Engar athugasemdir
Minjastofnun Einar Ísaksson	29. júlí 2026	Athugasemd varðandi óheimila framkvæmd.
Veðurstofa Íslands Hlíf Sævarsdóttir	30. júlí 2026	Engar athugasemdir
Samgöngustofa Gunnar Geir Gunnarsson	12. ágúst 2026	Ábending varðandi samgönguöryggi

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða Hlynur Reynisson	17. ágúst 2026	Engar athugasemdir
Náttúrufræðistofnun María Harðardóttir	18. ágúst 2026	Engar athugasemdir

2 Umsagnir, athugasemdir og tillaga að viðbrögðum

Taflan hér að neðan sýnir sundurliðað yfirlit yfir ofangreindar athugasemdir og ábendingar. Einnig eru settar fram tillögur að viðbrögðum fyrir gerð deiliskipulagsins.

Samráð hefur verið haft við Minjastofnun en aðrar athugasemdir gefa ekki tilefni til breytinga, sjá neðangreinda töflu.

Úrvinnsla umsagna um deiliskipulagsbreytingu fyrir Eyrargötu 1

Nr	Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
1	Míla Bragi Már Bragason	Engar athugasemdir	Míla gerir engar athugasemdir við fyrirhugað skipulag.	Kallar ekki á viðbrögð.
2	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar Sigurður Arnar Jónsson	Engar athugasemdir	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir engar athugasemdir við fyrirhugað skipulag.	Kallar ekki á viðbrögð.
3	Landsnet Rut Kristinsdóttir	Engar athugasemdir	Mörk breytinga sem fyrirhuguð eru á deiliskipulaginu, hafa ekki áhrif á rekstur Bolungarvíkurlínu 2, sem liggur sunnan skipulagssvæðisins.	Kallar ekki á viðbrögð.
4	Vegagerðin Sigurður Friðgeir	Engar athugasemdir	Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar. Vegagerðin hefur kynnt sér tillögu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum í fyrirhuguðum áformum. [.....] Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við breytingatillögu.	Kallar ekki á viðbrögð.
5	Snerpa Jóhann Egilsson	Engar athugasemdir	Snerpa gerir engar athugasemdir við fyrirhugað skipulag.	Kallar ekki á viðbrögð.
6	Minjastofnun Einar Ísaksson	Óheimilar framkvæmdir	Minjavörður kannaði svæðið þann 21. júlí 2026: Grunnur hafði þegar verið grafinn og fylltur án samráðs við Minjastofnun, þrátt fyrir að umsagnarfrestur málsins rynni ekki út fyrr en 12. ágúst 2026. Grunnurinn er innan friðhelgunarsvæðis hins friðlýsta bæjarstæðis Eyrar og innan hins forna túns. Friðlýstar fornminjar njóta 100 metra friðhelgi sbr. 22. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í ljósi þess getur Minjastofnun ekki veit frekari umsögn um deiliskipulagið að þessu sinni, en málið hefur tekið annan farveg sbr. erindi Minjastofnunar til Ísafjarðarbæjar: Vegna óheimilla byggingarframkvæmda á friðhelgu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar: Hið forna bæjarstæði Eyrar við Skutulsfjörð. (28. júlí 2026 MÍ202607-0019/ 6.09 / E.Í.).	Ísafjarðarbæ er kunnugt um að umhverfis hið friðlýsta bæjarstæði Eyrar er 100 m helgunarsvæði. Við fyrri framkvæmdir á aðliggjandi svæði, innan helgunarsvæðisins, hefur bærinn óskað eftir umsögnum frá Minjastofnun sem ekki hafa borist. Af gömlum gömlum ljósmyndum og loftmyndum að dæma hefur svæðinu þegar verið raskað vegna framkvæmda. Í ljósi þessa var talið óhætt að hefja jarðvegsframkvæmdir. Leitað hefur verið samráð við Minjastofnun vegna framkvæmdanna. Engu breytt í skipulagstillögunni.
7	Veðurstofa Íslands Hlíf Sævarsdóttir	Engar athugasemdir	Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytingu þessa.	Kallar ekki á viðbrögð.

8	Samgöngustofa Gunnar Geir Gunnarsson	Samgönguöryggi	Samgöngustofa hefur móttekið erindi um beiðni um umsögn vegna fyrirhugðara breytinga á skipulagi. Stofnunin hefur ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna en minnir á að höfð sé hliðsjón af samgönguöryggi í öllu skipulagi, hönnun og gerð umferðarmannvirkja. Þá er vakin athygli á ákvæðum laga um loftferðir nr. 80/2022, sér í lagi XII. kafla um flugvelli og skipulag þeirra. Jafnframt þarf að horfa til ákvæði laga um vitamál nr. 132/1999, ef erindið varðar lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna eða hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó.	Kallar ekki á viðbrögð. Í auglýstri tillögu að deiliskipulagsbreytingu eru sett ákvæði um að tryggja skuli örugga gönguleið leikskólabarna á milli lóða. Engu breytt í skipulagstillögunni.
9	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða Hlynur Reynisson	Engar athugasemdir	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við fyrirhugað skipulag.	Kallar ekki á viðbrögð.
10	Náttúrufræðistofnun María Harðardóttir	Engar athugasemdir	Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna.	Kallar ekki á viðbrögð.